

daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi, Jón V. Guðjónsson, afhendi stefnda, Sigurði Jónssyni, tryggingarvixil, kr. 20.000, innan sama tíma.

Miðvikudaginn 21. nóvember 1979.

Nr. 71/1977. **Björgúlfur Björnsson**

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Baldri Halldórssyni

(Jóhann Þórðarson hdl.).

Samningar. Skuldabréf. Vextir. Kröfu vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdóminn kvað upp Freyr Ófeigsson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnum Árna Birni Árnasyni vélvirkjameistara og Tryggva Gunnarssyni skipasmíðameistara.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. maí 1977. Gerir hann þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í málinu, en stefnda verði gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

1. varakrafa: Að hann verði einungis dæmdur til að greiða stefnda 945.624 krónur með 13% ársvöxtum frá 13. maí 1975 til greiðsludags, en um málskostnað fari eins og greinir í aðalkröfu.

2. varakrafa: Að hann verði dæmdur til að greiða „aðra fjárhæð að mati Hæstaréttar“, en um málskostnað fari eins og greinir í aðalkröfu.

3. varakrafa: Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með

þeirri breytingu, að vextir verði ekki dæmdir af hærri upphæð en 1.703.686 krónum og vaxtafótur ákveðinn 13% á ári. Verði málskostnaður í héraði þá látinn falla niður, en stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að niðurstöðu til og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Í máli þessu krefur stefndi áfrýjanda um eftirstöðvar smíðaverðs m/b Ægis Adólfssonar, PH 99. Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, leggur hann til grundvallar kröfum sínum svonefnt uppgjör málsaðilja, dagsett 12. mars 1975. Samkvæmt því er kostnaðarverð bátsins, að frádregnum endurgreiðslum á tolli, talið vera 8.130.000 krónur. Áður hafði áfrýjandi greitt inn á reikning sinn hjá stefnda 450.770 krónur. Voru samkvæmt því talðar ógoldnar 7.679.230 krónur. Segir um greiðslu þeirra eftirstöðva svo í skjalinu, að innan eins mánaðar frá afhendingu bátsins eigi að greiðast „netto ca“ 7.299.300 krónur með lánum, sem áfrýjandi skuldbindi sig til að taka hjá Fiskveiðasjóði og Framkvæmdastofnun ríkisins, en 380.000 krónur eigi að greiðast með samþykktum vixli. Er ágreiningslaust í málinu, að stefndi fékk greiðslu frá Fiskveiðasjóði upp í bátsverð hinn 13. maí 1975, að fjárhæð 5.678.544 krónur, en hins vegar hafi hann hvorki fengið greiðslu af hinu fyrirhugaða láni frá Framkvæmdastofnun ríkisins né hafi áfrýjandi samþykkt áðurgreindan vixil.

Samkvæmt framansögðu sundurliðar stefndi kröfur sínar á hendur áfrýjanda þannig:

1. Ógreitt samkvæmt uppgjörinu 13. 3. 1975 ... 7.679.230 kr.
2. Vextir 115.188 —

Alls 7.794.418 kr.

Greitt af Fiskveiðasjóði 5.678.544 —

Eftirstöðvar 2.115.874 kr.

Til frádráttar síðastgreindri fjárhæð fellst stefndi á, að koma eigi gagnkröfur áfrýjanda eftir því sem héraðsdómur tók þær til greina, en málinu er ekki gagnáfrýjað. Kemur þá út fjárhæð sú, sem stefnda var dæmd í héraði, 1.818.874 krónur ($2.115.874 \div 297.000$ krónur).

Sýknukröfu sína rökstyður áfrýjandi þannig:

1. Stefndi krefji hann um of hátt verð fyrir
bátinn 1.000.000 kr.
2. Vaxtaliður í kröfu stefnda sé heimildarlaus 115.188 —
3. Sjálfur eigi áfrýjandi gagnkröfur á stefnda
til skuldajafnaðar vegna smíðagalla á bát-
um, samtals að fjárhæð 1.055.062 —

Alls 2.170.250 kr.

Héraðsdómur hafi aðeins tekið til greina 297.000 krónur af gagnkröfunum, en hrundið framangreindum mótmælum og skuldajafnaðarkröfum að því er varðar 1.873.874 krónur ($2.170.250 \div 297.000$ kr.).

II.

Skal nú hugað að einstökum þáttum í kröfum stefnda og gagnkröfum áfrýjanda.

1. Um smíðaverð m/b Ægis Adólfssonar.

Áður er þess getið, að stefndi miði við það í kröfugerð sinni, að málsaðiljar hafi samið skriflega um smíðaverð bátsins hinn 12. mars 1975. Hafi verðið þá endanlega verið ákveðið 8.130.000 krónur. Áfrýjandi reisir mótmæli sín gegn þessum lið hins vegar á því, að með samkomulagi málsaðilja 15. ágúst 1974, sem getið er í héraðsdómi, hafi verið samið um það til fullnaðar, að verð bátsins yrði ekki hærra en 7.130.000 krónur, að frádregnum endurgreiðslum á tolli. Ef athugaðir séu reikningar um smíðakostnað sjáist og, að kostnaðarverð, rétt reiknað, hafi ekki farið fram úr þeirri fjárhæð.

Í hinu skriflega uppgjöri málsaðilja 12. mars 1975 er kostnaðarverð m/b Ægis Adólfssonar, að frádregnum væntanlegum endurgreiðslum á tolli, sagt vera 8.130.000 krónur.

Skjalið er undirritað af báðum aðiljum og vottfest. Áfrýjandi hefur ekki fært nein gild rök að því, að hann eigi að vera óbundinn samningi þessum. Með honum var ákveðið, að verð bátsins skyldi vera það, sem í uppgjörinu greindi, og því ekki það verð, sem til var tekið í þeirri „áætlun um smíðakostnað“, sem aðilar undirrituðu 15. ágúst 1974 og áfrýjandi skírskotar sérstaklega til. Verður úrlausn héraðsdóms um þennan lið því staðfest.

2. Um vaxtakröfu stefnda.

Krafa þessi styðst við svofelldan lið í reikningi stefnda til áfrýjanda frá 1975: „12/4. Vextir, 1,5% per mán. 115.188“. Engin sérstök nánari grein hefur verið gerð fyrir þessum kröfulið, nema hvað þess er getið í uppgjörinu frá 12. mars 1975, að hin væntanlegu lán frá Fiskveiðasjóði og Framkvæmdastofnun ríkisins, að fjárhæð 7.299.230 krónur, eigi að greiðast stefnda innan eins mánaðar. Þegar litið er til þess, hversu óskýr málsreifunin er um þennan kröfulið, en loku er þó eigi skotið fyrir það, að vaxtakrafan eigi a. m. k. að einhverju leyti rétt á sér, þykir verða að vísa þessum kröfulið frá héraðsdómi.

3. Um gagnkröfur áfrýjanda.

Áfrýjandi krefst þess, að þær gagnkröfur, sem hann hafði uppi fyrir héraðsdómi, verði teknar að öllu leyti til greina eftir því sem þörf sé á til skuldajafnaðar við kröfur stefnda í málinu og því einnig að því leyti sem þeim var hrundið með hinum áfrýjaða dómi. Í héraðsdómi eru gagnkröfurnar flokkaðar í 6 kröfuliði. Verður þeirri sundurliðun fylgt hér á eftir.

Um 1. lið gagnkröfu.

Héraðsdómur tók þennan lið að fullu til greina. Málinu hefur ekki verið gagnáfrýjað, og verður úrlausn héraðsdóms staðfest.

Um 2. og 3. lið gagnkröfu.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um þessa kröfuliði, þar sem málinu hefur ekki verið gagnáfrýjað, en áfrýjandi hefur ekki leitt rök að því, að tjón hans hafi numið hærri fjárhæðum en héraðsdómendur mátu honum í bætur.

Um 4. lið gagnkröfu.

Fyrir Hæstarétti er því ómótmælt haldið fram, að nótur vegna efniskaupa frá 10., 16., 19. og 20. júní 1975 hafi verið vegna kaupa áfrýjanda á nýrri vökvadælu. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms um þennan kröfulið verður hann ekki tekinn til greina.

Um 5. lið gagnkröfu.

Það er að vísu ekki útilokað, að m/b Ægir Adólfsson hafi tafist eitthvað frá veiðum vegna þeirra smíðagalla, sem stefndi er með dómi þessum talinn bera ábyrgð á. Áfrýjandi bindur kröfu sína um bætur fyrir aflatjón við aflatjón 1.—20. júní 1975, er hin nýja vökvadæla, sem stefnda var óviðkomandi, virðist hafa verið sett í bátinn. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann að því er þennan kröfu-lið varðar.

Um 6. lið gagnkröfu.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um þennan lið.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur að því er varðar kröfufjárhæðir að öllu öðru leyti en því, er varðar vaxtalið þann, sem innifalinn er í höfuðstól dómkröfu stefnda, og verður vísað frá héraðsdómi, svo sem áður var greint. Lækkar þá fjárhæð sú, sem áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda í 1.703.686 krónur ($1.818.874 \div 115.188$ krónur).

Ákvæði 5. tl. II. kafla auglýsinga Seðlabanka Íslands 12. júlí 1974 og 23. apríl 1976 verða samkvæmt orðum sínum ekki talin eiga við um dráttarvexti af kröfu stefnda. Hið sama verður og að telja um ákvæði varðandi vanskilavexti (dráttarvexti) í síðari tilkynningum bankans, eigi sist þegar virt er samhengi þeirra við önnur ákvæði tilkynninga þessara, sem gagnert virðast miðaðar við peningalán. Kveða tilkynningarnar ekki skýrlega á um dráttarvexti af öðrum fjárkröfum, þótt 5. gr. laga nr. 58/1960 hafi verið felld úr gildi með 1. gr. laga nr. 71/1965, sbr. hér einnig 13. gr. laga nr. 10/1961.

Samkvæmt langri dómvenju reiknast vextir af vanskila-skuldum eins og þeim, sem hér er fjallað um, hinir sömu og innlánsvextir innlánsstofnana af almennum sparisjóðs-bókum. Vaxtareglur 1. gr. laga nr. 56/1979 koma hér ekki til álita þegar af þeirri ástæðu, að ekki hefur verið gerð krafa um, að þeim reglum verði beitt í máli þessu. Samkvæmt þessu og dómkröfum stefnda í málinu verða vextir af hinni dæmdu fjárhæð ákveðnir þannig: 13% ársvextir frá 13. maí 1975 til 21. nóvember 1977, 16% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september 1979 og 24% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags. Um upphafstíma vaxta er ekki ágreiningur.

Eftir þessum málalokum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, og ákveðst hann samtals 600.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Framangreindri kröfu er vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Björgúlfur Björnsson, greiði stefnda, Baldri Halldórssyni, 1.703.686 krónur með 13% árs-vöxtum frá 13. maí 1975 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% árs-vöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979 og 24% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 600.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Björns Sveinbjörnssonar og
Magnúsar Þ. Torfasonar.**

Við erum samþykkir atkvæði meiri hluta dómenda að því er varðar aðalkröfu áfrýjanda svo og 1. og 2. varakröfu

hans. Um 3. varakröfu hans teljum við hins vegar, að dóms-
atkvæðið eigi að vera svofellt:

Í 3. varakröfu sinni hefur áfrýjandi krafist, að lækkaðir
verði vextir af dæmdri fjárhæð frá því, sem héraðsdómur
ákvað, og verði þeir ákveðnir 13% ársvextir. Um upphafs-
tíma þeirra vaxta er hins vegar eigi ágreiningur.

Akvæði 5. tl. II. kafla auglýsinga Seðlabanka Íslands 12.
júlí 1974 og 23. apríl 1976 verða samkvæmt orðum sínum
ekki talin eiga við um dráttarvexti af fjárkröfu stefnda.
Hið sama verður og að telja um ákvæði varðandi vanskila-
vexti (dráttarvexti) í síðari tilkynningum bankans, eigi síst
þegar virt er samhengi þeirra við önnur ákvæði tilkynninga
þessara, sem fjalla um vexti af peningalánunum. Hefði þó
verið sérstaklega brýnt að mæla skýrt fyrir um dráttarvexti
af öðrum fjárkröfum, er 5. gr. laga nr. 58/1960 hafði verið
breytt með 1. gr. laga nr. 71/1965, sbr. og 13. gr. laga nr.
10/1961. Samkvæmt þessu og með tilliti til fyrri dómsúr-
lausna Hæstaréttar um dráttarvexti, sem staðfesta framan-
greindan skilning, verður vaxtakrafa áfrýjanda ekki tekin
til greina óbreytt. Verða dráttarvextirnir því ákveðnir 13%
ársvextir frá 13. maí 1975 til 21. nóvember 1977, 16% árs-
vextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvextir frá
þeim degi til 1. júní 1979, en 22% ársvextir frá þeim degi
til 15. júní 1979. Frá þeim degi verða vextirnir ákveðnir 24%
ársvextir með skírskotun til 1. gr. laga nr. 56/1979, enda
er eigi með því farið út fyrir dómkröfur stefnda. Skiptir í
því sambandi ekki máli, þótt til þessa lagaákvæðis væri ekki
sérstaklega skírskotað af stefnda hálfu við flutning máls
fyrir Hæstarétti, þar sem til þess lágu engar réttarfarsnauð-
synjar.

Við erum samþykkir úrlausn meiri hluta dómenda um
málkostnað.

Samkvæmt því, sem greint hefur verið, erum við og sam-
þykkir dómsorðinu að því undanskildu, að 24% ársvexti
ætti að dæma þegar frá 15. júní 1979.

Dómur bæjarþings Akureyrar 25. mars 1977.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. mars sl., hefur Baldur Hall-

dórsson, Hlíðarenda, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 30. apríl 1976, á hendur Björgúlfi Björnssyni, Brún, Raufarhöfn.

Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 2.115.874 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð frá 13. maí 1975 til greiðsludags og málskostnað skv. framlögðum reikningi.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnda verði einungis gert að greiða kr. 914.886 ásamt 13% ársvöxtum frá 13. maí 1975 til greiðsludags, en í báðum þessum tilfellum verði stefnandi dæmdur til þess að greiða málskostnað stefnda að skaðlausu skv. reikningi.

Til þrautavara krefst stefndi þess, að honum verði einungis gert að greiða stefnanda einhverja aðra upphæð að mati réttarins og málskostnaður verði felldur á stefnanda.

Málsatvik eru þau, að hinn 20. júní 1973 undirrituðu aðiljar máls þessa kaupsamning, þar sem stefnandi lofaði að smíða fyrir stefnda ca 7 lesta fiskibát skv. tiltekinni teikningu og smíðalýsingu, samþykktum af Siglingamálastofnun ríkisins. Var kaupverð bátsins ákveðið kr. 3.500.000, en fram tekið í samningnum, að verðið miðaðist við, að verð á vél og öðrum tækjum, sem getið væri um í smíðalýsingu, yrði óbreytt. Ef það hækkaði eða lækkaði, skyldi kaupverð breytast í samræmi við það. Sama skyldi gilda um allar aðrar verðbreytingar.

Hinn 15. ágúst 1974 undirrituðu aðiljar samkomulag þess efnis að færa verðlag upphaflegs samnings til þágildandi verðlags og þær breytingar, sem orðið höfðu á stærð og búnaði bátsins. Er þar tekið fram, að dráttur á afhendingu bátsins stafi fyrst og fremst af afgreiðslutöfum á aðalvél, sem þá fyrst sé að koma til landsins og sé önnur tegund en gert hafi verið ráð fyrir í smíðalýsingu. Síðan er sundurliðuð áætlun um smíðakostnað og verð í samræmi við þá áætlun talið nema kr. 7.130.000.

Hinn 12. mars 1975 var báturinn afhentur stefnda, og undirrituðu aðiljar þá svofellt skjal:

„U p p g j ö r

Við undirritaðir erum samþykkir eftirfarandi uppgjöri á nýsmíði nr. 44, 8 lesta fiskibáti, Ægi Adólfssyni ÞH 99, sem afhentur hefur verið eiganda fullfrágenginn, skráður og skoðaður með útgefið haffærisskírteini. Kostnaðarverð að frádregnum væntanlegum tollendurgreiðslum kr. 8.130.000, sem greiðist þannig:

1. Innborgað af eiganda	kr. 450.770
2. Með lánum, sem eigandi skuldbindur sig til að taka hjá Fiskveiðasjóði og Framkvæmdastofnun ríkisins og greiðist innan eins mánaðar frá af- hendingu bátsins, netto ca	— 7.299.230
3. Með samþykktum vixli	— 380.000

Kr. 8.130.000“

Við reynslusiglingu bátsins við afhendingu hans kom í ljós, að aðalvél bátsins náði ekki upp eðlilegum snúningshraða, snerist aðeins 1800 snúninga í stað 2500. Enn fremur varð vart við smáleka á þilfari og við stýrishús. Við eftirgrennslan stefnanda hjá umboðsaðilja vélarinnar var talið, að orsök fyrir litlum snúningshraða vélarinnar væri sú, að skrófa bátsins væri of stór, og var ráðlagt að minnka hana með því að minnka skrófublöðin. Á þessa lausn var ekki fallist af hálfu stefnda.

Skömmu eftir afhendingu bátsins kvartaði stefndi um það við stefnanda, að bilun væri í vökvadælu. Var stefnda að tilhlutan stefnanda send ný dæla, en stefnandi fékk þá eldri til baka. Nokkru síðar kvartaði stefndi um, að leki væri í olíuverki vélarinnar, og var gert við þann leka á kostnað stefnanda. Enn fremur hlutaðist stefnandi til um viðgerð á startara á sinn kostnað að beiðni stefnda. Þá lét stefnandi stefnda í té nýsink ásamt róm og skrófum, sem stefndi taldi þurfa endurnýjunar við, einnig smíðaði stefnandi reimskifu og sendi stefnda. Ýmsar fleiri kvartanir um galla á bátnum hafði stefndi uppi gagnvart stefnanda, sem stefnandi taldi sér ýmist óviðkomandi eða ætlaði að bæta úr síðar, þegar hentugt tækifæri gæfist frá róðrum bátsins.

Með bréfi, dagsettu 18. febrúar 1976, krafði lögmaður stefnanda stefnda um eftirstöðvar kaupverðs bátsins ásamt áföllnum vöxtum. Í svarbréfi stefnda, dagsettu 1. mars 1976, til lögmanns stefnanda neitaði stefndi að viðurkenna skuld við stefnanda, bæði á þeim forsendum, að hann teldi endanlegt kaupverð vera kr. 7.130.000, sbr. samning frá 15. ágúst 1974, þar sem ekki hefðu verið lagðir fram reikningar fyrir hærri upphæð (sic). Að öðru leyti taldi stefndi vera um slíka galla að ræða á bátnum, sem stefnandi hefði ekki sinnt að bæta þrátt fyrir beiðni hans, að kostnaður við viðgerð þeirra næmi eftirstöðvum kaupverðsins.

Í framhaldi af þessari synjun stefnda á að greiða kröfuna höfðaði stefnandi mál þetta til innheimtu eftirstöðva kaup-

verðsins, og með bréfi, dagsettu 9. september 1976, fór lögmaður stefnda þess á leit við bæjarfógetann á Akureyri, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn með sérþekkingu á rafbúnaði og vélum og smíði skipa til þess að skoða og meta nánar upptalda galla með tilliti til kostnaðar við lagfæringu á þeim. Samdægurs voru þeir Aðalgeir Pálsson rafmagnsverkfræðingur, Akureyri, og Björn Kristinsson vélvirkjameistari, Akureyri, dómkvaddir til þess að framkvæma umbeðið mat. Hinn 4. október 1976 skiluðu matsmenn svofelldri greinargerð um matið:

„Undirritaðir matsmenn, Björn Kristinsson, vélvirkjameistari, og Aðalgeir Pálsson, rafmagnsverkfræðingur, sem dómkvaddir voru af bæjarfógetaembættinu á Akureyri, skoðuðu laugardaginn 18. september 1976 m.b. Ægi Adólfsson ÞH 99 á Raufarhöfn. Skoðunin leiddi eftirfarandi í ljós:

1. Bátnum hafði verið brýnt í fjörunni, og komumst við vel að til þess að skoða svaljárníð á framstefni bátsins. Greinilegt var, að á ca 50 cm bili frá sjólinu og niður hafði átt sér stað mikil tæring, líklega vegna útleiðslu rafmagns. Einnig höfðu brunnið hausar af rekboltum í stefni bátsins, sem festu járníð.

Nú hafði verið málað yfir skemmdirnar, og virtist tæringin vera hætt, þar sem málningin virtist óskemmd.

Til þess að endurbæta þetta þarf að fjarlægja þennan ca 50 cm bút úr svaljárninu og rafsjóða nýjan í hans stað og setja nýja rekbolta í stefnið. Þessa aðgerð mætti framkvæma, ef bátinum væri brýnt í fjöruna. Kostnað við aðgerðina áætlum við 15 þús. kr.

Skoðunarmenn athuguðu neglingu á bátnum, eftir því sem hægt var, en ekki flæddi nægilega undan, til þess að sjóinntök, jarðplata eða skrúfa sæust. Það, sem séð varð af saum, virtist óskemmt af tæringu.

2. Þegar báturinn hafði verið sjósettur, gafst tækifæri til að reyna vélina. Greinilegt var, að vélin fékk of mikið álag, ef gangráður hennar var fullspenntur. Hámarkssnúningshraði vélarinnar á að vera 2500 sn/mín., en hún náði ekki nema 1800 sn/mín. Við þetta álag fór hún að reykja svörtum reyk, sem gefur til kynna, að hlutfallið á milli lofts og eldsneytis hafi raskast og því náist ekki fullkomin brennsla. Þetta gæti haft í för með sér skaðlegar afleiðingar, svo sem sótmyndun, of hátt hitastig og að óbrennd brennsluolía næði að þvo smurolíuna af innri slitflötum vélarinnar eða jafnvel komist niður í sveifarhús, blandast þar smurolíunni og gert hana óhæfa sem slíka.

Meðan á keyrslunni stóð, var fylgst með gangi vélarinnar, eftir því sem við var komið. Með hlustunartækjum mátti greina, að gangur hennar var eðlilegur upp að 1600 sn/mín., en þar fyrir ofan fór að heyrast óeðlilegt vinnsluhljóð í eldsneytislokum og frá brennslu, en hvergi annars staðar var hægt að greina neitt óeðlilegt, og hiti vélarinnar svo og smurbrýstingur virtist eðlilegt.

Þetta óeðlilega álag telst okkur að stafi af því, að skrófan sé of stór eða vélinni ofviða. Leggjum við því til, að fengin verði önnur skrófa við hæfi vélar og skips. Að vísu er möguleiki á því að saga utan af þeirri skrófu, sem á er, en við álitum það óæskilegri lausn. Ef reiknað væri með, að vélarumboðið legði til nýja skrófu, áætlum við annan kostnað við verkið 30 þús. kr. og þá reiknað með, að verkið sé framkvæmt á Raufarhöfn.

3. Kvartað er um, að framlenging við kúplingu á glussadælu sé ónothæf og kúpling við vélina einnig.

Búið var að breyta útfærslu við vökvadælu fyrir þilfarsvindu og við kúplingu á vél frá því, sem upphaflega var gengið frá þeim, svo ekki voru tók á að reyna þær eins og þær voru. En við athugun varð ekki annað séð en frágangur þeirra hefði getað skilað sínu hlutverki með smálagfæringum. En þá bráðabirgðalausn, sem nú er í notkun, teljum við varhugaverða, eins og frá henni er gengið. Til lagfæringar á örmum áætla skoðunarmenn 20 þús. kr.

4. Við ágjöf rennur sjór niður með hinum opnanlegu stýris-húsgluggum niður í rennur undir gluggum og þaðan um sérstök úttök út um stýrishúsið. Talið er, að rennur þessar taki ekki við nægilegu magni, þyrfti að endursmíða þær, svo að sjór renni ekki niður í stýrishús og vélarúm. Áætlaður viðgerðarkostnaður 6 þús. kr.

5. Sjá mátti tauma, sem bentu til, að um einhvern leka væri að ræða frá stefnum bátsins við vissar aðstæður. Að áliti skoðunarmanna er hér tæpast um óeðlilegan leka að ræða, en að sjálfsögðu þyrfti að þétta hann. Gera þarf ráðstafanir, til þess að vatn, sem kemur á lúkarsgólfið, setjist þar ekki fyrir, en hafi greiða leið í kjalsog bátsins. Skoðunarmenn telja sig ekki hafa næga sérþekkingu til þess að geta verðlagt þessar aðgerðir.

Á meðfylgjandi teikningu (fylgiskjal 2) má sjá nokkra megin drætti í uppbyggingu raflagnar bátsins.

Það, sem fyrst varð ljóst, var, að raflögnin er ekki fljótandi, þar sem startarinn er með mínuspól tengdan í kápu, sem síðan

tengist vél bátsins með snertingu. Auk þess er upplýst, að þéttir sá, er sýndur er í jarðsambandi talstöðvarinnar, var ekki tengdur í upphafi, en var sendur frá Landssímanum og settur þar samkvæmt ábendingu starfsmanna símans, eftir að kvartað var um útleiðslu.

Í „Reglum um eftirlit með skipum og öryggi þeirra“ frá 20. janúar 1953 (fylgiskjal 3) stendur í grein 105, atriði 4. Kerfið skal vera þann veg, að notað sé tvítauga- eða þrítaugakerfi og allir pólur einangraðir frá skipsbotnum.

Þetta er öryggisatriði, en jörðun mínuspólsins á ekki að skaða, svo fremi ekki komi til önnur útleiðsla.

Samkvæmt upplýsingum frá starfsmanni Landssímans eru sumar stöðvar byggðar þannig, að rafkerfið er fljótandi, en í öðrum er innbyggður þéttir, mætti ætla, að tryggja þyrfti, að svo væri alltaf, þannig að kröfum reglnanna sé fylgt.

Startarinn, sem er í bátnum, nefndur varastartari, er sá, sem fylgdi vélinni frá seljanda hennar. Annar startari af CAV-gerð með einangruðum pólum átti að vera aðalstartari, en hefur reynst illa og verið lengst af tímanum bilaður. CAV-startarinn hefur að minnsta kosti einu sinni verið til viðgerðar á Akureyri og var nú talinn bilaður. Erfiðleikar eru alltaf sagðir hafa verið á því að ræsa vélina með lykli, úr stýrishúsinu.

Við sannfærðum okkur um, að útleiðslumælir í töflu sýndi enga útleiðslu. Mældum við leiðni til „jarðar“ á ljósakerfinu, og virtust vera 300 kohm á nákvæman ohmmæli, lekastraumur af ljósageymi mældist aðeins 8 mA, mælt frá pól til lagnar með öll tæki slökkt, þetta virðist óveruleg útleiðsla. Raflagnir í bátum eru að líkum aldrei alveg þéttar og þess vegna mikils virði, að pólur séu einangraðir. Með vönduðum voltmæli var mælt frá báðum pólum til jarðar í tengli, sem var við hliðina á rafmagnstöflu í vélarhúsi. Var 9 volta spenna frá báðum pólum. Við reyndum að taka greinarnar úr sambandi með öryggjunum eina og eina, og þegar rofin var grein dýptarmælisins, féll þessi spenna niður í 3 volt. Á þessu fékkst ekki skýring, á meðan dvalið var um borð, eftir viðræður við reynda rafvirkja virðist helst, að það bendi á óþéttleika út frá rafgeymunum sjálfum, sem megí þá bjarga með því að láta þá standa á einangrandi efni.

Nú tókum við þéttinn við talstöðina burtu, og sýndi útleiðslumælirinn þá útleiðslu á mínus, og mældust 4 volt. Bendir þetta til, að önnur útleiðsla sé í bátnum, en ekki gafst svigrúm til að finna hana, enda oft mjög tímafrekt.

Niðurstöður okkar eru því:

- 1) Í dag er ekki teljandi útleiðsla frá ljósageymi.
- 2) Með því að fjarlægja þétti við talstöð má sýna fram á útleiðslu, hvað hún er mikil við óheppilegar aðstæður, er ekki hægt að segja um, þetta þarf að athuga.
- 3) Spenna mælist 9 volt til jarðar bæði frá plús og mínus, þetta þarf að athuga.
- 4) Reglum um eftirlit með skipum virðist ekki hafa verið fylgt bæði hvað viðkoma talstöðinni og notkun á varastartara, sem ekki var rétt byggður.

Leggja skoðunarmenn til, að útvegaður sé annar CAV-startari með einangruðum pólum og gert við hinn, benda má á, að ef skipta þarf um startara, er mikils virði, að báðir séu af sömu gerð, þannig að tengingar passi óbreyttar.

Eins og áður er skráð, er sagt, að gangsetning vélarinnar með lykli í stýrishúsi hafi ávallt gengið erfiðlega og báturinn verið gangsettur mestan tímann með því að skammhleypa með skrufjárn yfir tengiskrúfur á segulspólu.

Samanber tengimyndina er í rofa A notuð snertan a til að rjúfa spólustrauminn, þannig að ekki er hægt að gangsetja vélina, nema bæði rofi A og rofi B séu lokaðir. Þetta er öryggisatriði til varnar því, að rafalarnir framleiði án þess að vera í sambandi við rafhlöðurnar.

Við skoðuðum rofa A, yfir hann hafði verið sprautað raka-varnarefni og önnur tengingin inn á a var laus, þar sem skórinn gat ekki klemmt nægilega örugglega utan um vírinn. Við verkuðum endana og snérum skónum við, virtist gangsetningin ganga betur, en ekki var hún lýtalaus, þar sem enn kom fyrir, að spólan dró ekki. Þetta þarf að athuga betur, og viljum við benda á, að hugsanlegt er, að lykilrofinn gefi ekki nægilega öruggt samband, og reyna mætti að setja starthnapp, sem tæki við hlutverki lykilsins við gangsetningu.

Leiðslurnar, sem liggja á milli startara og mælaborðs, eru 2.5 mm² gildar, og eru þær, sem fylgdu vélinni. Líklegt er, að CAV-startarinn taki meiri straum á spóluna en sá upphaflegi, hugsanlegt er að setja verði við CAV-startarana sérstaka spólu til þess að létta álagi af lykilrásinni.

Leiðslurnar, sem liggja frá vél í mælaborð og áður eru nefndar, urðu fyrir reim, sem slitnaði. Endurnýja þarf leiðslurnar og jafnframt verja þær betur, annað hvort með röri eða vinkiljárn.

Kvartað var um óeðlilegt slit á reimum, sem gæti stafað af

rangri afstöðu á reimskífum rafala og vélar. Við lauslega athugun virtist afstaða skífanna nokkuð rétt, líkleg skýring á reimaslitinu er mikil framleiðsla rafalanna, hugsanlega vegna útleiðslunnar. Búið var að skipta um skífur á rafölunum, þar sem hleðslan þótti ekki nóg og því kennt um, að vélin næði ekki eðlilegum snúningshraða.

Þetta getur tæpast verið orsökina, þar sem rafallinn á að skila eðlilegum afköstum og spennu, þótt snúningshraði vélarinnar fari allt niður í 33% af fullum snúningshraða, og væri eðlilegast að setja upphaflegu skífurnar á aftur.

Að öðru leyti en að framan er skráð virðist raflögnin vera vel frá gengin.

Kvartað er undan því, að talstöðin sé óvirk. Eftir mæli á sendaranum að dæma virðist vera eðlileg sending frá stöðinni, um langdrægni er ekki vitað. Móttakari virðist í lagi, þar til að vél bátsins hefur verið ræst, en eftir það gera truflanir, líklega frá rafölum, móttöku ómögulega. Hér þarf að reyna að eyða truflunum, t. d. mætti reyna að setja 0.5—1.0 UF-þétta yfir riðstraumspóla rafalanna.

Með tilliti til framanskráðra athugasemda þarf að kaupa tæki, efni og framkvæma vinnu, það er álit skoðunarmanna, að þessi kostnaður sé: 135 þús. kr.

Niðurstöður:

Hér verða dregnar saman niðurstöður og helstu aðgerðir, sem skoðunarmenn telja að framkvæma þurfi.

- 1) Endurnýja þarf hluta af svaljárnir á stefni.
- 2) Útvega þarf nýja skrífu og koma henni fyrir.
- 3) Lagfæra þarf færslur kúplingsarma frá gír og vökvadælu fyrir þilfarsvindu.
- 4) Endursmíða þarf rennur undir opnanlegum stýrishússgluggum.
- 5) Þétta þarf með stefnum og fleira.
- 6) Útvega þarf nýjan startara og ef til vill spólu og hnapp og gera við eldri startara.
- 7) Finna þarf leka á raflögn eða geymum.
- 8) Endurnýja þarf leiðslur frá vél að mælaborði.
- 9) Eyða þarf truflunum, sem skemma móttöku talstöðvar.

Kostnað við framangreint meta skoðunarmenn

225 þús. kr.

og er þá innifalið ca 10% ófyrirséð. Auk þessa þarf að þétta með

stefnum og útvega nýja skráfu. Þessi kostnaður er miðaður við verðlag í dag, og ekki er innifalinn neinn annar kostnaður en sá, sem tilheyrir beint nefndum aðgerðum, unnum við bestu aðstæður.“

Matsmenn hafa báðir komið fyrir dóm og gefið skýrslur og m. a. staðfest matsgerð þessa. Þá hafa aðiljar málsins gefið skýrslur fyrir dóminum svo og vitnið Árni Valmundarson skipaefitirlitsmaður.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að endanlegt kaupverð bátsins hafi orðið kr. 8.130.000 og hafi það verið viðurkennt sem endanlegt verð af stefnda við afhendingu bátsins. Samkvæmt reikningsyfirliti stefnanda eigi stefndi eftir að greiða kr. 2.115.874 upp í kaupverð þetta. Hafi stefndi boðist að greiða stefnanda skv. samningnum kostnaðarverð bátsins, sem hafi numið kr. 8.848.876, að frádregnum endurgreiðslum, sem numið hafi kr. 618.472, en stefnandi hafi gefið stefnda afslátt að fjárhæð kr. 100.404, þannig sé hið endanlega verð fengið, kr. 8.130.000.

Rökstuðningur stefnda fyrir sýknukröfu sinni er tvíþættur, í fyrsta lagi telur hann verð bátsins vera einni milljón krónum hærra en umsamið viðurkennt samningsverð og í öðru lagi sé um að ræða bótaábyrgð stefnanda gagnvart stefnda vegna vanefnda á samningi aðilja vegna galla, sem á bátnum séu og valdið hafi stefnda tjóni og muni valda honum áframhaldandi tjóni.

Bótakröfu sína vegna galla sundurliðar stefndi þannig:

1. Matsupphæð	kr. 225.000
2. Kalfatt og þétting og fleira	— 25.000
3. Ný skráfa	— 100.000
4. Viðgerðarreikningar, dskj. nr. 29—32	— 121.062
5. Aflatjón 1.—20. júní 1975	— 380.000
6. Vinna við brýningu bátsins og niðursetningu, eftirlit með honum og fleira 1.—20. júní 1975 ..	— 204.000

Samtals kr. 1.055.062

Varakröfu sína rökstyður stefndi þannig, að verði ekki á það fallist, að verðið lækki um eina milljón, eins og gerð er krafa um í aðalkröfu, þá sé til vara krafist skuldajafnaðar á gagnkröfum að upphæð kr. 1.055.062, sbr. liði 1—6 að framan, en til viðbótar sé þess krafist, að vaxtaliður, kr. 146.826, sem sé

innifalinn í verðinu 8.130.000 verði dreginn frá, þannig sé fengin út upphæðin kr. 914.886.

Þrautavarakröfu sína byggir stefndi á því, að dómurinn taki til greina þá liði, 1—6, að framan, sem hann telur stefnanda bera fíbótaábyrgð gagnvart stefnda, ef hann hafnar öðrum sem örökstuddum og ósönnuðum. Þá innifeli þrautavarakrafan í sér lækkuverðs, kr. 1.000.000.

Það athugast, að rökstuðningur stefnda fyrir sýknukröfu sinni leiðir ekki til algerrar sýknu.

Eins og að framan er rakið, undirrituðu aðiljar yfirlýsingu þann 12. mars 1975, er afhending bátsins fór fram, og er sú yfirlýsing bindandi fyrir aðilja um verð bátsins, kr. 8.130.000. Verður sýknukrafa stefnda því eigi tekin til greina.

Að því er bótakröfu stefnda varðar verður hér fjallað um hvern lið hennar fyrir sig, eins og hún er fram sett hér að framan.

Um lið 1.

Krafa skv. þessum lið er byggð á niðurstöðum hinna dómkvöddu matsmanna. Telur dómurinn, að gallar þeir, sem hinir dómkvöddu matsmenn telja upp, séu þess eðlis, að stefnanda beri að bæta stefnda þá, og ber að taka lið þennan til greina með kr. 225.000, eins og krafist er, með hliðsjón af niðurstöðum matsmanna, sem hinir sérfróðu meðdómsmenn telja ekki of háa.

Um lið 2.

Stefndi gerir þá grein fyrir lið þessum, að matsmenn hafi ekki tekið inn í mat sitt kostnað við þéttingu bátsins, en hann hafi verið óþéttur frá upphafi, þá taki þeir ekki í mat sitt kostnað við það að ná vatni úr lúkar og kjalsogi, sé áætlaður kostnaður við þessa liði kr. 25.000. Stefnandi hefur ekki andmælt ábyrgð sinni á lið þessum, en mótmælt honum sem of háum. Telja hinir sérfróðu meðdómsmenn hæfilegar bætur vegna þessa liðs vera kr. 12.000.

Um lið 3.

Stefndi rökstyður þennan kröfulið með því, að nauðsyn sé á nýrri skrófu á bátinn og verði eldri skrófa ónýt og verðlaus á eftir. Kaupverð nýrrar skrófu sé kr. 100.000. Stefnandi hefur mótmælt því, að nauðsynlegt sé að kaupa nýja skrófu á bátinn, eðlilegra sé að minnka skrófublöð núverandi skrófu, eins og umboðsaðili vélarinnar hafi lagt til og hann hafi boðið stefnda upp á. Sú framkvæmd hafi ekki farið fram vegna atvika, sem stefnda sjálfan vörðuðu, þar sem hann hafnaði henni. Beri stefnandi því ekki ábyrgð á lið þessum.

Fyrir dóminum hafa hinir sérfróðu matsmenn skýrt svo frá, að þeir telji eðlilegra að skipta um skrófu á bátnum en að minnka blöð þeirrar skrófu, sem fyrir er. Telja þeir að visu framkvæmanlegt að minnka núverandi skrófu, en árangur af slíkri framkvæmd sé óviss, hafi þeir því ráðlagt í matsgerð sinni, að sett yrði ný minni skrófa í bátinn. Hinir sérfróðu meðdómsmenn eru sammála niðurstöðu matsmanna að þessu leyti og telja, að stefnda hafi verið rétt að hafna þeirri aðgerð á skrófunni, sem honum var boðið upp á, og krefjast nýrrar skrófu, einkum þar sem um nýjan bát var að ræða. Þykir því eiga að taka þennan kröfulið til greina með kr. 60.000, en það telja hinir sérfróðu meðdómsmenn hæfilegt verð nýrrar skrófu.

Um lið 4.

Liður þessi er byggður á reikningum, sem fram eru lagðir í málinu. Kveður stefndi hér vera um að ræða reikninga vegna viðgerðar, sem fram hafi farið á bátnum daga 1.—20. júní 1975. Hafi þá farið fram niðursetning á vökvadælum, unnið hafi verið við raflögn, skipt um skífu framan á aðalvél, startari, olúverk og talstöð sett í viðgerð, einnig hafi verið unnið að þéttingu á leka. Stefnandi hefur mótmælt reikningum þessum sem málinu óviðkomandi. Er hér um að ræða reikning, dagsettan 18. júní 1975, að fjárhæð kr. 29.574, vegna kaupa á glussadælu og fleiru. Eins og áður er rakið hafði stefnandi látið stefnda í té nýja glussadælu, fljótlega eftir að afhending bátsins fór fram, og er ekki komið fram, að sú dæla hafi reynst gölluð. Stefndi skýrir hins vegar svo frá, að hún hafi ekki verið nægjanleg til þess að drífa bæði spil og handfærarúllur samtímis og hafi hann því keypt nýja glussadælu til að drífa handfærarúllurnar sérstaklega og breytt um leið kerfi bátsins í samræmi við það.

Að dómi hinna sérfróðu meðdómsmanna er hér um að ræða framkvæmd óviðkomandi stefnanda, þar sem ekki er annað fram komið en að hin upphaflega glussadæla hafi nægt til að drífa spilið annars vegar og handfæravindurnar hins vegar, þótt ekki hafi það nægt til að drífa hvort tveggja samtímis, en ekki verður annað séð, en útbúnaði hafi verið á þann veg háttað, að ætlast var til, að dælan yrði einungis notuð á annað hvort í senn.

Þá er um að ræða ýmsar nótur vegna efniskaupa og vinnu, samtals að fjárhæð kr. 63.924. Eru þrjár nótur þessar dagsettar 10., 16. og 19. og 20. júní 1975. Ein er dagsett 14. mars 1975 og ein dagsett 21. ágúst 1975. Nóturnar bera ekki með sér, við hvaða

verkbætti þær eiga, og eru sumar þeirra dags. utan þess tíma, er hér er um rætt.

Að lokum er um að ræða nótu, dagsetta 20. júlí 1975, vegna vinnu á rafkerfi, að upphæð kr. 5.416, og nótu vegna olíuverks og eldsneytisloka frá Blossa s/f, dags. 21. janúar 1976, og verður ekki séð, að nótur þessar varði aðgerð þá, er fram fór dagana 1.—20. júní 1975, eða séu á annan hátt tengdar atvikum máls þessa. Að framangreindu athuguðu þykir ekki unnt að taka reikninga þessa til greina gegn andmælum stefnanda.

Um lið 5.

Kröfuliður þessi er bætur vegna aflatjóns dagana 1.—20. júní 1975. Rökstyður stefndi lið þennan með því, að aflaverð bátsins 7 mánuði árið 1975 hafi verið kr. 6.300.000, eða kr. 30.000 á dag.

Við yfirheyrslu í dóminum taldi stefndi heildartekjur eiga að vera kr. 6.045.000, en ekki 6.3 milljónir. Brúttóafplatjón í 20 daga sé því kr. 600.000, en frá þeirri tölu beri að draga kr. 220.000, sem sé reksturskostnaður sömu daga án alls fasts kostnaðar, svo sem vaxta, fyrningar, tryggingar, afnotagjalds talstöðvar og fleira, þannig að aðeins sé reiknað með vinnulaunum, olíu og beitu. Hefur stefndi lagt fram í málinu rekstursyfirlit sitt 1975 til stuðnings kröfu þessari. Samkvæmt því er innborgun vegna fiskinnleggs kr. 2.048.429 og vegna hroгна kr. 2.972.160, eða samtals kr. 5.020.589. Skjalið ber ekki með sér, yfir hvaða tímabil ársins það tekur.

Stefndi hefur borið, að yfirlitið sýni ekki allar tekjurnar, þar sem hluti aflans hafi gengið beint til annars aðilja og ekki verið færður í bókhald stefnda.

Lið þessum hefur stefnandi mótmælt sem sér óviðkomandi og ósönnuðum. Með hliðsjón af því, að óupplýst er, hvort eða að hve miklu leyti um var að ræða landlegu vegna atvika, er varða stefnanda, dagana 1.—20. júní svo og að rekstraryfirlit stefnda sjálfs þykir ekki nægur grundvöllur til ákvörðunar bóta skv. lið þessum gegn mótmælum stefnanda, þykir einnig unnt að taka þennan lið til greina.

Um lið 6.

Liður þessi er rökstuddur með reikningi, framlögðum í málinu, frá stefnda sjálfum og bróður hans, og er hann dagsettur 20. júní 1975. Vinna við skoðun á rafbúnaði bátsins, vél og við þrjár uppsetningar á honum dagana 2.—20. júní 1975, 20 klst. á dag í 17 daga á kr. 600, samtals kr. 204.000. Með sama rökstuðn-

ingi og í næsta lið á undan þykir ekki fært að taka þennan lið til greina. Er niðurstaða dómsins því sú, að taka beri gagnkröfur stefnda til greina með samtals kr. 297.000 (þ. e. 225.000 + 12.000 + 60.000), og ber að draga upphæð þessa frá kröfu stefnanda, og er niðurstaða dómsins því sú, að dæma beri stefnda til að greiða stefnanda kr. 2.115.874 að fráðregnum kr. 297.000, eða kr. 1.818.874.

Stefndi hefur mótmælt vaxtakröfu stefnanda og krefst þess, að einungis verði reiknað með 13% ársvöxtum á tildæmda fjárhæð frá 13. maí 1975 til greiðsludags.

Með vísan til 5. gr. laga nr. 58/1960, sbr. auglýsingu Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir frá 23. apríl 1976, sbr. nú auglýsingu sama aðilja 21. september 1976, ber að taka kröfu stefnanda um 2% mánaðarvexti til greina. Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 300.000.

Dómsorð:

Stefndi, Björgúlfur Björnsson, greiði stefnanda, Baldri Halldórssyni, kr. 1.818.874 ásamt 2% mánaðarvöxtum frá 13. maí 1975 til greiðsludags og kr. 300.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 22. nóvember 1979.

Nr. 232/1977. **Guðmundur Sigurðsson**

(Jóhann Þórðarson hdl.)

gegn

Thor R. Thors

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Abúð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.